


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Málverk MYL504</b> <b>Námsáætlun haust 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

**Kennari:** Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

**Viðtalstími:** miðvikudaga 13:10-13:50

### Áfangalýsing

Nemandi vinnur málverk með akríllitum. Hann leggur megináherslu á sköpunarferlið, frá eigin hugmynd að lokaniðurstöðu. Hann byggir upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Nemandi vinnur rannsóknar- og tilraunavinnu þar sem engin leið er sjálfgefín. Myndefni er sótt í umhverfið og nemandinn vinnur á persónulegan hátt með sjónarhorn, myndmál, myndbygginu, form og lit. Nemandinn skoðar sköpunarferli nokkurra listamanna og kynnir sér málverk og önnur verk sem tengjast hugmyndum nemandans og áhugasviði og hann notar sem innblástur ásamt öðru. Nemandinn ígrundar og ræðir um verk sín og vinnuferli á öllum vinnslustigum í samvinnu við kennara og aðra nemendur.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróunarferlinu frá hugmynd að málverki
- mikilvægi rannsóknar- og tilraunavinnu í vinnuferlinu
- mismunandi málunartækni
- nokkrum listmálurum í sögu og nútíma eða öðrum listamönnum sem tengjast eigin hugmynd

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
- tengja formræna framsetningu við inntak verka sinna
- vinna eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru
- sýna persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinnslu
- leita sér heimilda og skoða listamenn í tengslum við vinnu sína
- meðhöndla efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- vinna agað og sjálfstætt og sýna frumkvæði

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta umhverfi sitt í leit að hugmyndum og myndefni
- þróa eigin hugmynd með rannsóknar- og tilraunavinnu í málverk
- rökstyðja niðurstöður sínar með tilliti til faglegrar þekkingar
- fjalla um ólíkar aðferðir við vinnslu málverka
- nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk
- fjalla um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og gera grein fyrir forsendum álits síns


**Áætlun um yfirferð** Vikuskipting til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hver að sínu verki.

Kynning og upphitun (1 vika)

Efnisöflun og hugmyndavinna (3 vikur)

Útfærsla og tilraunir (4 vikur)

Málverk (5 vikur)

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Málverk MYL504</b> <b>Námsáætlun haust 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		

Yfirferð (1 vika)

Hver nemandi útbýr og flytur stutta kynningu á einum listamanni um miðbik annar.

**Mikilvægt að halda allri vinnu til haga fyrir skil skissum, ljósmyndum, prufum, skrifum  
Öllu skilað í lok annar ásamt tilbúnu málverki**

### Námsmat

Próflaus áfangi. Öll vinna nemenda er metin með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati. Verk, afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna og vald á efnum og aðferðum.

15%, afrakstur í tengslum við ætlan

15%, notkun grunnreglna

15%, vald á efnum og aðferðum

Ferli, hvernig nemandi ber sig að við vinnuna. Metið þriðju hverja viku yfir önnina samkvæmt eftirfarandi atriðum

25%, opinn hugur, frumleiki, hugvitssemi, þor, eflist við ögrun

25 %, vinnur úr upplýsingum, notar fyrirmyndir, rannsókn, ígrundun

5%, þáttaka í umræðum og kynning á listamanni

### Verkfæri og efni

Dagbók, skissubók, (myndavél), blindrammi

Önnur áhöld og efni pensla, liti, pappír og striga fá nemendur í skólanum

*Með fyrirvara um breytingar.*

***Símar eru velkomnir til náms, annars geymdir í símakassa.***


**Opið hús 1. des.**

**Skilaverkefni skulu sótt á sýnidegi prófa**

*Gangi ykkur vel*

*Luc Tuymans: The small space between the pictures explanation and the picture itself provides the only possible perspective on the painting. Every picture is incomplete just as every memory is also incomplete.*



Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Málverk MYL504</b> <b>Námsáætlun haust 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara + dagsetning

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils